

Reglugjörð

**fyrir slysatryggingarsjóð fyrir sjómenn samkvæmt lögum nr. 84,
14. nóvember 1917.**

1. gr.

Samkvæmt 9. gr. í lögum nr. 84, 14. nóvember 1917, um slysatrygging fyrir sjómenn, stjórnar slysatryggingarsjóðnum þriggja manna nefnd undir yfirmensjón landsstjórnarinnar. Skal stjórnin skifta störfum sín á milli þannig, að einn sje formaður, annar fjehirðir og þriðji ritari.

Kostnaður við stjórn sjóðsins greiðist úr landssjóði samkvæmt reikningi stjórnarinnar, sem stjórnarráðið samþykkir.

2. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fá sjer þá aðstoð, er þurfa þykir, meðal annars læknisaðstoð við úrskurðun skaðabóta.

3. gr.

Skráningarstjórar skulu, eins fljótt og unt er, og í síðasta lagi fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert, skila iðgjöldum fyrir undanfarið ár í slysatryggingarsjóð, ásamt nákvæmum reikningi yfir iðgjöldin og tryggingarlistum með tilheyrandi yfirlýsingum.

Stjórnin gjörir fjeð arðberandi í sparissjóði eða með því að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbankans, og skulu þau vera skrásett í bókum veðdeildarinnar, sem eign slysatryggingarsjóðsins; formaður skal og rita á þau, að eigi megi þau afhenda án samþykkis stjórnar sjóðsins. Stjórnarnefndarmennirnir hafa einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á því, að fje slysatryggingarsjóðsins misfarist ekki.

4. gr.

Skaðabótaupphæðirnar greiðast í Reykjavík gegn lögmati kvittun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins setur, eftir því er þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar, og skal það tilkynnt skráningarstjórum með umburðarbrjefi.

6. gr.

90
7. júní

Ársreikningur slysatryggingarinnar skal endurskoðast af tveimur mönnum, er landsstjórnin nefnir til, og hún úrskurðar og kvittar fyrir reikninginn.

Í stjórnarráði Íslands, 7. júní 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

91
11. júní

um sölu og útflutning á íslenskum afurðum frá árinu 1918.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Skylt er kaupmönnum, fjelögum, útgjörðarmönnum og öðrum að bjóða útflutningsnefnd þeirri, sem skipuð var af stjórnarráðinu 3. þ. m., til söluráðstafana eftirgreindar íslenskar afurðir, sem framleiddar eru á yfirstandandi ári, og eigi þurfa beinlínis til heimanotkunar hjer á landi:

1. fiskur allskonar,
2. síld,
3. lýsi,
4. þorskahrogn,
5. fisk- og síldarmjöl,
6. kindakjöt,
7. ull,
8. gærur.

Bjóða skal útflutningsnefndinni greindar afurðir eins fljótt og auðið er, og ekki síðar en tveim mánuðum eftir að framleiðslu þeirra er að fullu lokið.